

Minnisblað, 17 október 2022

Til: Rannveig Einarsdóttir

Afrit:

Frá: Guðmundi Sverrissyni

Dags.: 17.10.2022

Málsnúmer: 1903304

Efni: Sérstakur húsnæðisstuðningur - Leiðrétting

Fyrirspurn fulltrúa Samfylkingarinnar um afturvirka leiðréttingu á greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings:

1. Á einstaklingur rétt á afturvirkri leiðréttingu sérstaks húsnæðisstuðnings í þeim tilvikum þegar útreikningur sérstaks húsnæðisstuðnings hefur verið rangur hjá Hafnarfjarðarbæ vegna rangra upplýsinga um leigufjárhæð?
2. Á einstaklingur rétt á afturvirkri leiðréttingu sérstaks húsnæðisstuðnings hjá Hafnarfjarðarbæ þegar stuðningurinn skerðist vegna fjárhæðarskilyrðis sem segir að húsnæðiskostnaður megi ekki vera lægri en 50.000 kr. þegar sá liður er sannarlega hærrí hjá viðkomandi einstaklingi?

Svarið við fyrirspurninni eins og hún er sett fram er það að skv. 10. og 11. gr. reglna Hafnarfjarðarbæjar um sérstakan húsnæðisstuðning skal leiðrétta vangreiddan eða ofgreiddan húsnæðisstuðning ef fjárhæð húsnæðisbóta er endurreiknuð vegna breyttra upplýsinga um aðstæður umsækjanda.

10. gr.

Endurskoðun.

Umsækjandi skal fullnægja skilyrðum 3. gr. reglna þessara frá því umsókn er samþykkt og á meðan hann fær sérstakan húsnæðisstuðning á grundvelli gildandi leigusamnings.

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna, sbr. 13. gr. reglna þessara.

Sé fjárhæð húsnæðisbóta endurreiknuð, m.a. vegna nýrra upplýsinga um fjölda heimilismanna, tekjur, eignir eða húsnæðiskostnað, skal Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar endurreikna sérstakan húsnæðisstuðning.

Leiði endurreikningur samkvæmt 2. og 3. mgr. til breytinga á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings skal leiðrétta sérstakan húsnæðisstuðning, sbr. 11. gr. reglna þessara.

11. gr.

Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærrí en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var. Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar er heimilt að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá síðar tilkomnum sérstökum húsnæðis- stuðningi til sama aðila á næstu tólf mánuðum eftir endurskoðun. Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærrí fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði.

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tíma- bili ber fjölskylduþjónustunni að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

Guðmundur Sverrison, 17.10.2022